



## Ritstjórnarstefna nýs rafræns fréttabréfs

### Ritstjóri:

Stefán Helgi Valsson

### Ritnefnd:

Erling Aspelund

Steinar Þór Sveinsson

### Málfarsráðunautur:

Berglind Steinsdóttir

### Umbrot:

Stefán Helgi Valsson

### Ljósmyndir:

Stefán Helgi Valsson

Kjartan Pétur Sigurðsson

Hér kemur fyrir sjónir fyrsta tölublað Fréttabréfs leiðsögumanna í rafrænni útgáfu. Markmið ritstjórnar er að upplýsa og fræða félagsmenn á breiðum grundvelli um hverskyns málefni er varða leiðsögumenn.

Meðal þess sem fjallað verður um í blaðinu eru störf leiðsögumanna, réttindamál og félagsmál. Sagðar verða fréttir af félagsmönnum og öðru fólki sem tengist störfum eða starfsvettvangi leiðsögumanna. Fréttabréfið er tilvalinn vettvangur fyrir stjórnir fagdeildar og FL til að koma upplýsingum um félagsstarfið á framfæri við félagsmenn.

Ritstjórn Fréttabréfsins er óháð stjórn Félags leiðsögumanna. Hún hefur fyrst og fremst skyldur við lesendur og hefur siðareglur Blaða-

mannafélags Íslands í heiðri.

Um leið og félagsmenn eru hvattir til að senda inn greinar og ljósmyndir til ritstjórnar áskilur ritnefndin sér rétt til að hafna birtingu innsends efnis ef það er ærumeiðandi, særir blygðunarkennd eða er til vanvirðu fyrir einstaklinga eða stétt leiðsögumanna. Við óskum leiðsögumönnum til hamingju með þennan nýja samskiptavettvang.

### Ritnefnd :

Erling Aspelund [aspelund@simnet.is](mailto:aspelund@simnet.is)

Stefán Helgi Valsson [valsson@centrum.is](mailto:valsson@centrum.is)

Steinar Þór Sveinsson [steinarth@internet.is](mailto:steinarth@internet.is)

## Áskorun til félagsmanna

### Í blaðinu:

- Nýtt Fréttabréf 1
- Áskorun til félagsmanna
- Skiptinemar í Malasíu leiðsega erlendum gestum. 2
- Alþjóðadagur leiðsögumanna 21. febrúar
- Vor siður á Kaffi Reykjavík 3
- „Flairi þekkinga Eidd Smára“ 5
- Fjallaleiðsögumenn á Kilimanjaro 6
- Nám í afþreyingarleiðsögn í boði í fyrsta sinn 8

Kæru félagsmenn,

Nú er Fréttabréf leiðsögumanna gefið út í fyrsta sinn á rafrænu formi sem gefur kost á gríðarlega mörgum nýjum möguleikum sem ekki voru áður fyrir hendi.

Í fyrsta lagi fylgir rafrænni útgáfu minni útgáfukostnaður en hefðbundnum prentmiðlum. Í öðru lagi liðkar rafræn tækni fyrir öllum samskiptum. Og í þriðja lagi getur Fréttabréfið náð til stærri lesendahóps en áður þar sem það verður sent með rafrænum hætti til félagsmanna og velunnara leiðsögumanna. Einnig verður hægt að nálgast eldri útgáfur Fréttabréfsins á netinu í framtíðinni.

Margt hæfileikafólk hefur staðið að útgáfumálum fyrir hönd félagsins í

gegnum tíðina. Ritstjórnin skorar á þetta fólk og alla aðra félagsmenn að senda inn greinar og ábendingar um efni sem varðar leiðsögumenn. Auglýst er eftir efni sem á einhvern hátt upplýsir, fræðir eða skemmtir leiðsögumönnum. Vinsamlega sendið efni til ritstjórnar sem þó áskilur sér rétt til að hafna greinum á grundvelli siðareglna Bláðamannafélags Íslands, og stytta greinar séu þær of langar.

Saman getum við gert þetta nýja rafræna Fréttabréf að öflugum samskiptavettvangi leiðsögumanna þar sem félagsmenn geta komið skoðunum sínum á framfæri við aðra félagsmenn og aðra sem láta sig málefni leiðsögumanna varða.

Ritstjóri

## Skiptinemar í Malasíu taka störf leiðsögumanna

E-turbo News: Y. Suleiman

Erlendir skiptinemar í háskólum í Malasíu sem tala ensku, arabísku, kóresku, japönsku, kínversku, frönsku, ítölsku, rússnesku eða spænsku hafa formlegt leyfi frá ferðamálaráðherra landsins til að leiðsegja erlendum ferðamönnum.

„Það er skortur á leiðsögumönnum til að þjónusta ferðamenn sem hefur fjölgað ört, einkum enskumælandi,“ segir Najib Razak, aðstoðarforsætisráðherra. „Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að veita erlendum skiptinimum, sem eru við nám í landinu, leyfi til að starfa sem leiðsögumenn. Þetta mun hvetja erlenda nemendur til að stunda nám í Malasíu.“

Jimmy Leong, forseti ferðamálaráðs Malasíu, segir einungis 600 leiðsögumenn af 5000 í landinu tala ensku, mandarín og aðrar kínverskar mállýskur. „Okkur vantar sárlega fleiri leiðsögumenn sem kunna erlend tungumál — og það strax. Þessi ráðstöfun nú leiðir líklega til tekjuskerðingar fyrir núverandi leiðsögumenn. Malasíubúar þurfa að læra erlend tungumál til að geta boðið upp á leiðsögn á tungumáli gestanna,“ segir hann.

Leo Toyad, ferðamálaráðherra Malasíu, segir að erlendu skiptinemarnir verði látnir skrá sig og að þeir fái þjálfun hjá viðkomandi ferðaþjónustufyrirtækjum. „Þetta veitir nemendum einstakt tækifæri til fjáröflunar í frístundum og spennandi upplifunar í frítíma sínum,“ segir Shamsul Bahrin, forseti



**Datuk Dr. Leo Michael Toyad, ferðamálaráðherra Malasíu. Myndin er af vef Seoul Times.**

Háskólasamtaka Malasíu.

Svo virðist sem skiptinemar hafi mikinn áhuga fyrir því að starfa sem leiðsögumenn og hugsí sér gott til glóðarinnar. „Ég ætla að grípa þetta tækifæri ef það býðst,“ segir Yasir Baffo, skiptinemi frá Sómalíu. Skiptinemarnir voru á þeirri skoðun að ráðstöfun yfirvalda veitti þeim tækifæri til þess að afla vasapeninga og til að ferðast um landið og bæta samskiptafærni sína.

## Alþjóðlegur dagur leiðsögumanna 21. febrúar

Félag leiðsögumanna býður félögum Blindrafélagsins í skemmtiferð í Veiðisafnið á Stokkseyri í tilefni af Alþjóðlegum degi leiðsögumanna. Blindir og sjónskertir fá að snerta uppstoppuð villt dýr frá Afríku og fleiri framandi löndum.

Leiðsögumenn hafa staðið fyrir ókeypis ferðum með leiðsögn fyrir almenning þennan dag með aðstoð styrktaraðila. Sérstök áhersla er lögð á að gleðja þá sem hafa síður tækni á því að ferðast sjálfstætt.

Alþjóðlegur dagur leiðsögumanna var fyrst haldinn árið 1990 að forgöngu Alþjóðafélags leiðsögumannafélaga (World Federation of Tourist Guide Association). Þá nýttu 200 manns sérþjónustu leiðsögumanna í ferðum um Reykjavík. Verndari dagsins var frú Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi í FL. Stefán Helgi Valsson skipuleggur ferðina í ár í samstarfi við fagdeild Félags leiðsögumanna.

Á alþjóðlegum degi leiðsögumanna 2004 bauð FL heimilisfólki Dvalarheimilisins Grundar í



sérlega vel heppnaða skoðunarferð í Bláa lónið.

Leiðsögumenn í ferðinni voru Valur Pálsson og Gylfi Guðmundsson sem sést við leiðsögn á myndinni. Styrktaraðilar voru Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar sem útvegaði hópbifreið og Bláa lónið sem gaf veitingar.

## Vor siður á Kaffi Reykjavík



**Haukur Halldórsson Reykjanesgoði kynnti „voran sið“, eins og hann kýs að kalla Ásatrú, á fræðslu-fundi félagsmanna á Kaffi Reykjavík tveimur dögum fyrir jól. Nær 25 sálir komust að hinu sanna um heiðni, upphaf Fjörukrárinnar í Hafnarfirði, mistök Háskóla Íslands og stórkostlegar hugmyndir Hauks um 3000 manna vinnustað fyrir starfsfólk í ferðapjónustu.**

Jólahald er siður sem kristni tók upp úr heiðni og gerði að sínum. Nafnið var það eina sem breyttist eftir kristnitökuna. Haukur segir alþekkt í trúarbragðafræði að þegar skipt er um trúarbrögð taki nýju trúarbrögðin yfir gömlu hátíðirnar sem ómögu-legt er að breyta. Dæmi um þetta er Sólstöðuhátíðin. „Forsvarsmönnum nýrra trúarbragða er ljóst að við ramman reip er að draga þegar kemur að því að leggja ákveðna siði niður. Þess vegna innlima þeir gömlu siðina í sín trúarbrögð en skipta um nafn. Þetta er alltaf gert og hefur verið gert frá fornu fari – frá tímum Mesópótamíu.“ Að mati Hauks eru þesskonar ráðstafanir nauðsynlegar til þess að ný trúarbrögð fái brautargengi meðal fólks.

„Gregoríus páfi lagði fyrir sína trúboða að taka ekki af fólki sólstöðuhátíðir á vetri, og á jafndögum. Páskahátíð var gömul vorhátíð heiðinna

Gömlu hátíðirnir fóru eftir fullu tungli eftir jafndægur, eins og páskarnir eru reiknaðir út. Þess vegna falla páskarnir aldrei á sömu daga ársins.“

Haukur segir allar helstu kristnihátíðir sem við þekkjum í dag eiga sér rætur í heiðni. Hvítasunnan er dæmi um það. Áður hét hún Baldurshátíð, nefnd eftir Baldri sem var einnig þekktur sem hinn hvíti, hinn góði sólguð.

Haukur hefur ýmislegt við kristnisöguna að athuga. „Konstantín kom kristni á um árið 300. Hann velur Jesú sem er búinn að vera dáinn í 300 ár vegna þess að það var pólitísk leið fyrir hann til að auka völdin.“ Á tímum Krists var nokkurskonar hippatímabil. Þá var fullt af síðhærðum mönnum eins og Kristur kemur okkur gjarna fyrir sjónir á biblíumyndum í dag. „Á þeim tíma var ekki aðeins einn Messías heldur 2000-3000 sem allir gátu komið til greina. En Jesú var valinn og síðan var honum skeytt inn í söguna um vitringana þrjá, sem er í raun miklu eldri,“ segir Haukur.

Á ferðalögum um Ísland og um nokkur lönd í Evrópu hefur Haukur tekið eftir því að í kirkjum er að finna fleiri ímyndir af helvíti, t.d. á kirkjuhvelfingum, en af himnaríki. Hann telur að ímyndir frá helvíti hafi átt að vera víti til varnaðar. Himnaríki er aðeins að finna í örfáum kirkjuhvelfingum. „Hugsanlega vantaði þá ímyndunarafl til að mála himnaríki,“ segir Haukur. Í gömlu kirkjunni í Ribe sem er frá því um 1100 er að finna málverk af guði almáttugum. Þar situr hann á regnboga og dinglar fótum. „Þetta er ekkert annað en gamalt minni úr heiðnum sið. Regnboginn er auðvitað Bifröst (brúin sem hreyfist) sem tengir mannheima og goðheima. Maðurinn sem situr á regnboganum er Heimdallur.“ Í sömu kirkju er að finna málverk af víkingaskipi með hjólum sem situr uppi í hvelfingunni. Hjólin tákna að skipið getur farið hvert sem er á sjó og á landi, enda guðlegt far. Á myndinni er einygdur maður sem situr ábúðarfullur í stafni skipsins og heldur á töflunum frá Ararat, fjallinu mikla. „Þessi maður eru auðvitað Óðinn,“ segir Haukur.



Valkyrjureið, málverk eftir Hauk.

### Frá Tate í London að Straumi

Um áramótin flytur Haukur galleríið sitt að Straumi við Straumsvík sem mun upp frá því heita „Norrænt menningarsetur“. Skemmst er frá því að segja að Haukur sótti um afnot af Straumi hjá Hafnarfjarðarbæ og fékk öll húsin. „Þar er hægt að gera meiriháttar ævityri,“ segir hann. Ætlunin er að hafa sýningar þar og standa vonir til þess að aðstaðan verði tilbúin í vor. Stílað verður upp á innlenda og erlenda ferðamenn en Danir, Svíar, Englendingar og Bandaríkjamenn hafa sýnt vorum sið áhuga. „Japanir hafa líka áhuga en það gengur illa að koma skilaboðunum áleiðis til þeirra nema þegar þeir hafa góðan túlk með í för.“ Haukur er í samstarfi við góða menn í Berlín, s.s. Einar Ásgeirsson arkitekt og Ólaf Elíasson sem er mörgum kunnur fyrir innstillingsáráttu sem hlaut metaðsókn í Tate Modern-safninu í London 2003-2004. Ólafur neitaði að framlengja sýninguna þrátt fyrir miklar vinsældir. Þá brá safnið á það ráð að hafa opið á nóttunni til að sem flestir gætu notið hennar. Samtals sáu 2,2 milljónir manna sýninguna.

### „Háskólinn ætti að skammast sín“

Haukur segir að mistök hafi átt sér stað þegar Háskóli Íslands valdi sér grísku viskugyðjuna Pallas Apenu í einkennismerki sitt. Hann segir að Háskólinn eigi að skammast sín. „Hann hefði betur notað Frigg, hina germönsku viskugyðju,“ segir hann og bendir á að Óðinn sjálfur hafi spurt Frigg ráða þegar í harðbakkann sló, en hún var annars fámál. Einkennisfugl hennar er ugla sem er tákn vits. Uglutáknið kom fram fyrir ævalöngu hjá Súmerum og Skithar rúmum 4000 árum fyrir Kristsburð.

### Hugmynd að risavöxnum fræðslu- og afþreyingargarði

Haukur kom að hönnun Fjörukrárinna með Jóhannesi. „Upphaflega teikningin er enn til á servíettunni frægu,“ segir hann alvörugelinn. „Hugmyndin með Fjörukránni var alltaf að búa til leiksvið fyrir ferðamenn.“

Hauk dreymir um að hanna og byggja risavaxinn afþreyingargarð, 2-3 kílómetra í þvermál, sem tengist rótum norður-evrópskrar menningar. Hann hefur málað myndir sem sýna hugmyndirnar en í garðinum verða níu heimar: Múspellsheimur, Dvergheimar, Álfheimar, Svartálfaheimar, Hel, Niflheimar, Jötunheimar, Miðgarður og Ásgarður. „Um 200 manns koma til með að starfa í hverjum heimi. Auk þess verða ‚ruðningsáhrifin‘ eins og hagfræðingarnir vilja kalla það gríðarleg. Við erum að tala um atvinnusköpun fyrir 3000 manns á einu bretti. Svona framkvæmd felur í sér miklu meiri atvinnusköpun til lengri tíma litið en til dæmis Kárahnjúkavirkjun.“

„Íslendingar eiga að hafa fortíðina uppi. Hvað er betra en að gista á Hótel Hel, hjá dauðagyðjunni Hel? Þótt kosti um 100 milljarða að gera þessa hugmynd að veruleika þá er miklu meira vit í henni en í Kárahnjúkavirkjun nokkru sinni. Þarna yrði fatahönnun, búningagerð, minjagripasmíði og fleira,“ segir Haukur og bætir við að ef rétt verði staðið að markaðsmálum þá muni þetta skjóta jólasveinadæminu í Rovaniemi ref fyrir rass – og vel það! „Það verður að gera ferðamennina agndofa. Ekkert minna dugar nú til dags til þess að þeir finni sig knúna til að ferðast á einn stað umfram annan. Ferðamenn vilja láta skemmta sér og fræða en samt ekki eins og í Disneylandi – það er bara ómerkilegt plastík.“

Sigurbjörg Karlsdóttir  
„álfkona“ sagði sögur  
á afmældaginn



## „Fleiri þekkja Eið Smára“

Sigurbjörg Karlsdóttir „álfkona“ sleppti því að eldast um eitt ár þegar hún átti afmæli í desember sl. Þess í stað sagði hún leiðsögumönnum nokkrar skemmtilegar sögur á opnu húsi á Kaffi Reykjavík. Hún fórnaði hefðbundnu afmæliskaffi með vinum og vandamönnum í þetta eina sinn. Fréttabréfið sló á þráðinn til Sigurbjargar til að heyra nýjustu fréttir af álfum og tröllum.

Sigurbjörg er fædd og uppalin á Akureyri. Hvort það var tilviljun eða örlög að hún hóf snemma störf í ferðabjónustu er erfitt um að segja. Fyrsti vinnustaður hennar var góðtemplarahótelid í bænum sem hét Varðborg á þeim tíma en heitir nú Hótel Norðurland. „Þetta var hotelid sem enski spennuhöfundurinn Desmond Bagley notaði í skáldsögunni ‚Út í óvissuna‘ (1970) sem átti að gerast á Íslandi,“ segir hún. „Aðalpersónan í sögunni hékk alltaf á barnum sem var heldur neyðarlegt fyrir eigendur hótelsins því að í raunveruleikanum var það líklega eina barlausa hotelid á Norðurlandi.“

Aðspurð um það hvort nóg sé að gera í álfabransanum segir hún: „Á gamlársgangi fékk ég 90 Rússa í álfagönguferð sem var bara hressandi fyrir veisluna. Annars stendur til að ég haldi fjögurra kvöldna námskeið í Leiðsöguskóla Íslands fyrir nemendur og fyrrverandi nemendur sem langar til að læra eitt og annað um það hvernig er hægt að segja sögur,“ segir hún með tilhlökkun. Sigurbjörg segist

eyða töluverðum tíma í að hugsa um sögurnar, hvaða hlutar henti best til frásagnar og hvernig best sé að segja frá. „Það er nauðsynlegt að hugsa vel um framsetninguna til þess að sagan verði í lagi,“ segir hún með áherslu.

Sigurbjörg fékk nýtt líf aldamótarárið, að eigin sögn. Þá „fann hún álfana“. Þetta gerðist um þær mundir sem hún var í starfsnámi í upplýsingamiðstöð ferðamála í Hafnarfirði sem hluta af námi hennar í Ferðamálastólaskóla Íslands. Strax að því námi loknu hóf hún nám í Leiðsöguskólanum til að undirbúa sig fyrir leiðsögn um álfheima. „Ég fann gat í markaðnum,“ segir hún spök. „Ef markað má markaðssérfræðingana er það mjög sérstakt.“

Sigurbjörg verður stundum vör við að erlendir gestir viti meira um Eið Smára Guðjohnsen knattspyrnumann en nóbelskálidið Halldór Kiljan Laxness. „Mér þykir það svolítið skrítið, en auðvitað slær maður þá á létta strengi og talar um íþróttir. Annars verður þáttur í danska sjónvarpinu 14. janúar á DR 2 sem fjallar um útrás Íslendinga og álfa. Mér skilst að Dönunum þyki það undarlegt að héðan komi bæði álfar og viðskiptatröll.“

Fyrir þá sem endilega þurfa að fá að vita það, þá varð Sigurbjörg „39“ ára.

## Börkur Hrólfsson og fagdeild standa fyrir opnu húsi á Kaffi Reykjavík



Börkur Hrólfsson stjórnar dagskrá opins húss á Kaffi Reykjavík. Veitingar eru á hálfvirði.

Félagslíf FL hefur verið með líflegasta móti í haust og virðist framhald ætla að verða á því í vor. Á fyrsta opna húsi í haust kom bókasöllumaður í heimsókn og kynnti ýmsar góðar bækur sem nýtast leiðsögumönnum í starfi. Meðal fánlegra bóka á „sérstöku kynningarverði“ var hinn nýútkomni Íslands-Atlas Eddu. Í bókinni eru kort af gjörvöllu landinu í mælikvarðanum 1:100.000. Næst kom Sigurbjörg Karlsdóttir „álfkona“, sem sagði skemmtilegar sögur úr starfinu. Haukur Halldórsson Reykjanesgoði var heiðursgestur á síðasta fundi ársins og sagði frá „vorum síð“. Börkur gerir ráð fyrir því að næsta opna hús verði 19. janúar.

## Dauðans alvara fyrir fjallaleiðsögumenn á Kilimanjaro

Þrír bandarískir ferðamenn létu lífið vegna grjóthruns í u.þ.b. 5000 metra hæð þann 4. janúar á leið sinni upp á topp Kilimanjaro, hæsta fjalls Afríku (5.895). Atburðurinn átti sér stað að morgni dags á meðan fólkið svaf í tjöldum. Fregnir netmiðla herma að „margir tugir erlendra fjallgöngumanna“ hafi verið á svæðinu. Fjórir leiðsögumenn og einn erlendur ferðamaður slösuðust illa.

Viðvarandi súrefnisskortur getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heila þeirra sem dvelja langdvölum í þunnu lofti. Algengt er að leiðsögumenn fari í eina ferð upp fjallið í viku hverri. Dæmi eru um leiðsögumenn sem hafa gengið á fjallið mörghundruð sinnum. Meðallaun á svæðinu eru um 30 bandaríkjadalir á mánuði en leiðsögumenn á Kilimanjaro eru mun tekjuhærri.

Árlega ganga 23.000 ferðamenn á fjallið og 10 manns láta lífið, aðallega vegna súrefnisskorts. Umhverfisáhrif ferðamennsku á fjallinu sem er þjóðgarður eru gríðarleg, einkum fyrir tilstilli skógarhöggs. Á hverju kvöldi er hluti hraðminnkandi skógarins notaður í eldivið.

Nokkrar leiðir eru færar upp á fjallið. Leiðin sem Bandaríkjamennirnir völdu er kölluð Machame-leiðin og er sögð fjölbreytt og fallett.



Leiðsögumenn á Kilimanjaro eiga á hættu að farast í náttúruhamförum á fjallinu eða hljóta heilaskaða af súrefnisskortri vegna þess að þeir dvelja langdvölum í mikilli hæð. Mynd af vef [EncounterTanzania.com](http://EncounterTanzania.com)

Um fjórðungur allra sem klífa fjallið velja þessa leið. Kilimanjaro á tvennt sameiginlegt með Snæfellsjökli. Bæði fjöllin eru eldkeilur og jöklar þeirra fara ört minnkandi. Frá 1912 hafa 82% jökulsins á Kilimanjaro horfið en hop jökulsins er einmitt talið helsta orsök grjóthrunsins þar sem jarðvegur sem áður var undir jökli og er að koma í ljós er óstöðugur.

# Námskeið í boði í Leiðsöguskóla Íslands á vormisseri

Leiðsöguskóli Íslands býður starfsfólki í ferðaþjónustu að taka þátt í vörnámsskeiðum skólans á vormisseri 2006. Í boði eru sex fjölbreytt námskeið.

## A. Norræn goðafræði og Íslendingasögur, kl. 19:15 – 22:05 – verð 5.000 kr.

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson og Sigríður Þórðardóttir.

17. jan. Norræn goðafræði og Egils saga
24. jan. Njáls saga
31. jan. Grettis saga
7. febr. Hrafnkels saga og Laxdæla

## B. Að segja sögu, kl. 19:15 – 22:05 – verð 5.000 kr.

Umsjón: Sigurbjörg Karlsdóttir.

Markmið námskeiðsins er að veita innsýn í sagnahefðina, hvað gerir einhvern að góðum sögumanni og hvað skiptir máli þegar kemur að því hvernig segja á frá eða halda áhuga hlustenda.

14. febr. Almennur fróðleikur um sagnalistina. Léttar æfingar.
21. febr. Hvernig verður sagan til og hvernig munum við söguna?
28. febr. HópaVinna, unnið verður með sögur sem tengjast þátttakandanum.
7. mars Sagnahátíð. Allir spreyta sig á sögunum sem þeir hafa unnið með.

## C. Afþreying og þjónusta kl. 19:15 – 22:05 – verð 6.000 kr.

Ferðamálafulltrúar og forstöðumenn upplýsingamiðstöðva á viðkomandi svæðum kynna afþreyingu og þjónustu við leiðsögumenn og annað starfsfólk í ferðaþjónustu.

14. febr. Reykjavík/Reykjanes
21. febr. Vesturland/Vestfirðir
28. febr. Norðurland
7. mars. Austurland
14. mars Suðurland/Vestmannaeyjar

## D. Bland í poka, kl. 19:15 – 22:05 – verð 5000 kr.

21. Mars. Þælingar um náttúru og ferðaþjónustu. Andri Snær Magnason rithöfundur. Hegðun á jöklum. Þór Kjartansson.
28. mars. Hellar. Björn Hróarsson.
4. apríl. Stjórnur og norðurljós. Snævarr Guðmundsson.
25. apríl. Jurtir og notkun þeirra í ferðaþjónustu. Ingibjörg G. Guðjónsdóttir. Íslenskar rúnir/dulrænar atburðir, álfar o.fl. Sigrún Nikulásdóttir.

## E. Fjallamenska 1. Helgín 18. – 19. febrúar – verð 19.000 kr.

Áhersla verður lögð á grundvallaratriði vetrarfjallamensku.

## F. Ferðamenska á jöklum. Helgín 11. – 12. mars – verð 19.000 kr.

Þátttakendur fá þjálfun í að þekkja jökla og hættur samfara ferðalögum á jöklum.

Athugið að tvö námskeið eru í boði á sama tíma. Kennit verður í stofu N20 og nærliggjandi stofum á 2. hæð í norðurálmú Menntaskólans í Kópavogi og helgarnámskeiðin á vettvangi. Áhugasamir skrái sig hjá Önnu Vilborgu Einarsdóttur í s. 594 4025 eða sendi fyrirspurn á netfangið [lsk@mk.is](mailto:lsk@mk.is).



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar styrkti Alþjóðlegan dag leiðsögumanna árið 2004



## Félag leiðsögumanna

Félag leiðsögumanna var stofnað árið 1972. Stofnfélagar, sem voru 27 talsins, höfðu flestir starfað um árabíl við leiðsögu erlendra og íslenskra ferðamanna. Í dag eru u.þ.b. 540 leiðsögumenn skráðir í félagið.

Aðeins hluti félagsmanna hefur leiðsögu að aðalstarfi. Þeim fer þó stöðugt fjölgandi, en ferðamannatíminn á Íslandi lengist frá ári til árs.

Skilyrði inngöngu í Félag leiðsögumanna er próf í leiðsögn frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða sambærilegu námi á EES-svæðinu. Jafnframt eiga þeir aðild að félaginu sem starfa sem leiðsögumenn.

Innan félagsins starfar sérstök deild:

Fagdeild leiðsögumanna sem þeir fá aðild að sem lokið hafa leiðsöguprófi frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Fjárhagur deildarinnar er óháður annarri starfsemi Félags leiðsögumanna.

Félag leiðsögumanna er í senn fag- og stéttarfélag. Félagið á aðild að ASÍ sem sjálfstætt félag.

Félag leiðsögumanna er meðlimur í tvennum alþjóðlegum samtökum leiðsögumanna. Þau eru samtök leiðsögumanna á Norðurlöndum (IGC) og samtök evrópskra leiðsögumanna (FEG). Á Íslandi er félagið aðili að Landvernd.

## Nám í afþreyingarleiðsögn í boði í fyrsta sinn

Leiðsöguskóli Íslands heldur í fyrsta sinn nú í vor sérstakt námskeið fyrir leiðsögumenn sem hyggjast leiðsegja í afþreyingarferðum. Námið er um 200 kennslustundir. Það hefst í janúar og lýkur í maí. Kennt er 2-3 daga í viku auk þess að farið verður í vettvangsferðir um helgar.

Gönguleiðsögn er einnig í boði og er kennslufyrirkomulag svipað og í afþreyingarleiðsögninni. Útskrifaðir leiðsögumenn og þeir sem hafa lokið fyrri hluta leiðsögunámsins (kjarna) eiga þess kost að taka þátt. Kennsla hefst 16. janúar. Áhugasamir hafi samband við Önnu Vilborgu Einarsdóttur fagstjóra í síma 594 4025 eða á netfanginu [lsk@mk.is](mailto:lsk@mk.is).

Námskeiðin kosta 99.000 krónur en félagsmenn FL geta sótt um 15.000 kr. námsstyrk á ári úr endurmenntunarsjóði hafi atvinnuveitendur greitt í endurmenntunarsjóð félagsins.



Afþreyingarleiðsögn fer fram í sérútbúnum jökla- og fjallabílum, snjósleðum, bátum og fleira. Ljósmynd: Kjartan Pétur Sigurðsson.